

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Hafi tollstjóri veitt innflytjanda bifreiðar sem flyst hingað til lands eftir a.m.k. tveggja ára búsetu erlendis, heimild til aksturs hennar hér á landi en greiðsla aðflutningsgjalda hefur ekki farið fram eða trygging greiðslu aðflutningsgjalda ekki verið lögð fram, skulu ákvæði 3. gr. reglugerðar þessarar gilda þegar bifreið er endanlega tollafgreidd.

Fjármálaráðuneytið, 4. nóvember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 485

24. október 1988

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Patreksfjarðar.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Patrekshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 5. október 1988 fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar að landnotkun á svæðinu austan við sjúkrahúsið breytist úr íbúðabyggð og grænu svæði í svæði fyrir opinberar byggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 486

31. október 1988

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 19. október 1988 fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar að landnotkun á svæði sem afmarkast af Öldugötu, Hringbraut og Lækjargötu verður íbúðasvæði í stað iðnaðarsvæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.